

**65. fundur skráningarráðs, haldinn miðvikudaginn 14. desember 2011 í húsakynnum Landskerfis bókasafna, kl. 9-11.15**

Fundarmenn: Gunnhildur Loftsdóttir, Rósa S. Jónsdóttir, Sigrún J. Marelsdóttir, fundarritari, Þóra Sigurbjörnsdóttir (formaður)

Einnig sátu fundinn Hildur Gunnlaugsdóttir ritstjóri Gegnis og Sigrún Hauksdóttir þróunarstjóri Landskerfis.

1. **Fundargerð 64. fundar.** Fundargerðin lesin og samþykkt.
2. **Færslur Geislavarna ríkisins.** Rætt var um færslur Geislavarna ríkisins sem önnur söfn hafa ekki tengt eintök við en Geislavarnir hafa hætt þátttöku í Gegni. Það er villandi að hafa þar færslur sem engin eintök eru tengd við. Skráningarráð samþykkir að færslunum verði eytt. Gott væri að hreinsa til í kerfinu.
3. **Kóðun notendahópa í 008.** Fram hefur komið erindi varðandi aldurskóðun efnis, beiðni um að endurskoða ákvörðun um að nota ekki g (general) í 008. Um er að ræða efni almenns eðlis, sem ekki er hreint barna-, unglínga eða fullorðinsefni og eru dæmi um það t.d. fjölskyldumyndir á mynddiskum og föndurbækur. Nú er hægt að afmarka leitarniðurstöður við barnaefni á Leitir.is. Rætt var um að það mætti leysa þetta með því að nota efnisorð. Þóra svarar erindinu.
4. **Skráning tölvugagna.** Hildur lagði fram skjal um skráningu tölvugagna og var rætt um lítils háttar breytingar sem þyrfti að gera á því; Hildur tekur það að sér.
5. **Greining fylgiefnis.** Rætt var um tillögu Sigrúnar Marelsdóttur um nánari greiningu fylgiefnis í sviði 300 t.d. þegar um geisladiska er að ræða, þá hefur verið sett geisladiskur í deilisvið e en mælt er með því að gera nánari grein fyrir því um hvers konar form er að ræða í sviga t.d. 1 geisladiskur (MP3) og einnig að tölustafur sé ávallt fremst (t.d. 1 margmiðlunardiskur – 4 geisladiskar (CD)). Sama á við um deilisvið a. Varðandi nánari upplýsingar t.d. um tímalengd er mælt með því að þær séu greindar í sviði 525 þegar um fylgiefni er að ræða.

6. **Starfshópur um skráningu á sýningarskrám.** Hildur lagði fram vinnuskjal starfshópsins um skráningu á sýningarskrám sem er greinargott og ítarlegt og mun bæta úr brýnni þörf fyrir að samræma skráningu á þessu efni. Ákveðið var að vísa skjalinu til yfirlstrar til skráningarráðs og starfshópsins um skráningu á sýningarskrám.
7. **Önnur mál.** Þóra ræddi um skráningu á svokölluðum “þrífleikjum” þar sem mjög gagnlegt getur verið að nota svið 780 og 785 til að gera grein fyrir innbyrðis tengslum rita. Dæmi er Dregur ský fyrir sól eftir Guðrúnu frá Lundi þar sem þessi svið eru notuð og skýrt kemur fram að bókin er framhald af Sólmánaðardagar í Sellandi og bókin Náttmálaskin er aftur framhald af Dregur ský fyrir sól. Skýrt dæmi um hvernig 780 og 785 sviðin kæmu að góðu gagni er þrífleikur Jóns Kalman. Þóra leggur til að deilisvið n og w sem finnast í eldri færslum verði ekki birt.

Fleira var ekki rætt á fundinum og var honum slitið og næsti fundur ákveðinn 18. janúar.